



Faghópur I

Fundargerð 7. fundar

Umhverfisráðuneytið, 12. mars 2009, kl. 10:30

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir.

Forföll:

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar (26. feb.) var samþykkt.
2. **Afmörkun svæða og verðmætamat.** Formaður dreifði minnisblaði með umræðupunktum um fundarefnið: afmörkun svæða.
3. **Vatnsaflsvirkjanasvæði.** Í 1. áfanga var alla jafna miðað við vatnasvið ofan stíflu fyrir vatnsaflsvirkjunarkosti en neðan stíflu var aðeins miðað við meginfarveg og árbakka beggja megin (ca. 100 m upp beggja megin farvegs). Aðalástæðan fyrir því hversu þröng afmörkunin var neðan stíflu var að gögn skorti yfirleitt bæði um náttúrufar og líkleg áhrif virkjunar. Þessi afmörkun vanmetur áhrif framkvæmdanna og er líkleg til að vanmeta meira áhrif stórra framkvæmda og gæti þannig skekkt samanburð á kostum. Fram kom að nauðsynlegt væri að bæta mat á áhrifum framkvæmda á strandsvæði og lífríki í sjó. Kostir og gallar þess að stækka matssvæðið þannig að það næði til alls vatnasviðsins voru vegnir og metnir. Stífla og miðlun geta haft áhrif á allan rennslisbúskap árinna neðan stíflu. Rætt var um hvort og þá að hvaða marki ætti að taka með þverár neðan stíflu en hugsanleg málamiðlun er að taka þar aðeins með áhrif á fisk. Faghópurinn ræddi nokkra ólíka valkosti til að afmarka svæði neðan stíflu: 1) að miða við landssvæði er fara undir við stíflurof (ca 5 m), 2) svæði sem verða fyrir áhrifum af vorflóðum (ca. 2 m) eða 3) tiltekna hæðarlínur yfir farvegi (sem er flókið í framkvæmd). Einn kostur sem hópnur leist vel á var að nota gulstör sem vísbendingu um hversu breitt náttúrulegt áhrifasvæði árinna er með hliðsjón af flóðum. Ákveðið var að hittast aftur eftir viku og hafa þá með gögn fyrir tvö vatnasvið, jökulár í Skagafirði og Markarfljót, þar sem hægt er að bera þessa kosti saman. Kristinn Haukur mun kanna gögn og kort um útbreiðslu gulstarar og hefur meðferðis á fundinn. Sólborg Una mun einnig kanna útbreiðslu menningarminja við þessar ár svo hægt sé að bera þær saman við náttúrufarsgögnin.
4. **Háhitasvæði.** Í 1. Áfanga var miðað við landslagsheildir en einnig mætti miða við viðnámsmælingar. Ekki lágu fyrir gögn á fundinum til að bera þetta saman en ákveðið að

gera samanburð á næsta fundi fyrir 2 svæði: Torfajökul og Reykjanes. Starfsmaður mun kanna möguleika á að fá kort yfir vatnasvið hjá Orkustofnun eða Veðurstofu/Vatnamælingum. Einnig kanna hvort hægt sé að útbúa nýjar þekjur fyrir vefsjá rammaáætlunar er sýni vatnasvið og útlínur háhitasvæða.

5. **Landslag.** Formaður gerði grein fyrir umræðum meðal verkefnisstjórnar um mat á landslagi en á fyrri stigum ákvað stjórnin að styrkja ekki sérstaka rannsókn á fagurfræðilegu eða tilfinningalegu gildi landslags eða svæða. Ekki voru allir sáttir við þá niðurstöðu en innan verkefnisstjórnar hafa verið ræddir ýmsir möguleikar til að vinna einhvers konar könnun með lágmarkskostnaði. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin þar að lútandi. Næsti fundur verkefnisstjórnar verður að miklu leyti helgaður umræðu um landslag og verða m.a kynntar þrjár meistararitgerðir sem efninu tengjast. Formaður kannaði áhuga faghópsins á að hlýða á þá kynningu og kom fram kom eindreginn vilji um að meðlimum faghópa gefist kostur á að vera þar með. Starfsmaður mun kanna hvort hægt sé að koma því við.
6. **Heimildalisti.** Enn bætast við heimildir og upplýsingar. Tómas starfsmaður tekur við þeim og mun samræma þær og birta á vinnusvæði hópsins á vefsíðunni. Þar sem gögn eru til á rafrænu formi skal tengja þau við skráningarnar.
7. **Næsti fundur** verður haldinn kl. 10:30 þann 19. mars í Umhverfissráðuneytinu. Þá verður frekar rætt um afmörkun svæða, litið á gögn Kristins varðandi gulstör og tillögu Sólborgar um svæði vegna mats á menningarminjum, og loks hugað að verðmætamati svæða í Skagafirði, við Markarfljót, Torfajökul og á Reykjanesi (Reykjanesvirkjun).
8. **Fundinum var slitið** kl. 12:10.